

Fimmtudaginn 29. maí 1997.

Nr. 6/1997.

**Ákærvaldið**

(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)

gegn

**Benedikt Jónssyni**

(Hreinn Loftsson hrl.)

Umboðssvik. Skilorð.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Máli þessu var áfrýjað af hálfu ákærvalds til endurskoðunar og þyngingar á refsingu með stefnu 23. desember 1996. Ákærði krefst vægustu refsingar, sem lög leyfa, en verði hann dæmdur í refsivist, verði hún skilorðsbundin að öllu leyti eða að hluta til.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Staðfesta ber sakarmat hans og færslu til refsiakvæðis. Ákærði er sakfelldur fyrir að hafa lánað írsku flugfélaginu Emerald Air (NI) Ltd. 97.067.905 krónur af fé Lífeyrissjóðs bænda, sem hann var framkvæmdastjóri fyrir, án nokkurra ábyrgða eða trygginga. Ákærði, sem átti sæti í stjórn flugfélagsins, gerði stjórn lífeyrissjóðsins ekki grein fyrir lánveitingum þessum, fyrr en honum var orðið ljóst, að sennilega væri féð glatað. Ekki er fram komið, að ákærði hafi notið persónulegs ávinnings af broti sínu.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði, en eftir atvikum og með hliðsjón af því, að hann hefur ekki áður gerst sekur um hegningarlaga brot, þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar, og skal hún falla niður að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Málkostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, svo sem í dómsorði greinir.

**D ó m s o r ð:**

Ákærði, Benedikt Jónsson, sæti fangelsi í 12 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún niður falla að lið-

um 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hreins Loftssonar hæstaréttarlögmans, 60.000 krónur.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. nóvember 1996.**

Málið er höfðað með ákærskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. febrúar sl., gegn ákærða, Benedikt Jónssyni, Kársnesbraut 77, Kópavogi, fæddum 1. júlí 1951, fæðingarnúmer 284, „fyrir umboðssvik, framin árið 1995, með því að hafa í starfi sem framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda í Reykjavík misnotað aðstöðu sína og stefnt fé sjóðsins í stórfellda hættu með eftirtöldum lánveitingum, samtals 97.067.905 kr., sem ákærði veitti án samþykkis eða vitundar stjórnar sjóðsins írska fyrirtækinu Emerald Air (NI) Ltd. án nokkurra ábyrgða eða trygginga. Lánsféð millifærði ákærði um bankalínu af bankareikningum lífeyrissjóðsins og skilgreindi sem fjárvörslufé. Lánveitingarnar, sem telja verður sjóðnum með öllu glataðar, sundurliðast sem hér greinir:

1. 94.867.905 kr. samkvæmt tíu eftirgreindum skuldaviðurkenningum, út gefnum af Emerald Air Ltd., greiddar á bankareikning Handsals hf., sem að beiðni ákærða millifærði greiðslurnar áfram á írska bankareikninga í þágu skuldarans:

| Útgáfudagar<br>skuldaviður-<br>kenninga | Fjárhæðir<br>lána | Gjald dagar       |              |
|---|-------------------|-------------------|--------------|
| ensk pund                               | ísl. krónur       |                   |              |
| 31. 3.                                  | 50.000            | 5.193.500         | 20. 9. 1995  |
| 12. 4.                                  | 25.000            | 2.550.000         | –            |
| 19. 4.                                  | 84.000            | 8.653.000         | –            |
| 26. 4.                                  | 22.000            | 2.240.579         | –            |
| 26. 4.                                  | 36.000            | 3.666.401         | –            |
| 18. 5.                                  | 60.000            | 6.135.600         | 15. 10. 1995 |
| 01. 6.                                  | 165.000           | 16.914.750        | –            |
| 27. 6.                                  | 220.000           | 21.852.925        | –            |
| 20. 7.                                  | 100.000           | 9.990.000         | 15. 11. 1995 |
| 31. 7.                                  | 175.000           | 17.671.150        | –            |
| <b>Samtals</b>                          | <b>937.000</b>    | <b>94.867.905</b> |              |

2. 2.200.000 kr. samkvæmt víxli, samþykktum til greiðslu af Emerald Air Ltd., án ákveðins gjalddaga og án útgefanda, með útgáfudagsetningunni 14. ágúst 1995, millifærðar 16. ágúst 1995 af bankareikningi lífeyrissjóðsins á bankareikning Emerald Air Ltd. í Landsbanka Íslands, Reykjavík.

Telst þetta varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Lífeyrissjóður bænda krefst skaðabóta, að fjárhæð GBP 1.015.551, höfuðstóll GBP 937.000 og GBP 78.551, í 2% umsamda vexti á mánuði frá lán-tökudögum til 15. nóvember 1995, og 2.200.000 ísl. kr., auk dráttarvaxta á þær fjárhæðir frá 15. nóvember 1995 til greiðsludags.“

### *Málavextir.*

Með bréfi, dagsettu 31. ágúst 1995, var af hálfu Lífeyrissjóðs bænda lögð fram kæra til RLR á hendur ákærða, fyrrverandi framkvæmdastjóra sjóðsins, vegna lánveitinga hans til írska flugfélagsins Emerald Air NI Ltd. á tímabilinu 31. mars til 14. ágúst 1995, samtals að fjárhæð 97.067.905 krónur. Í kærinni kemur fram, að ákærði hafi veitt lánin án samþykkis og samráðs við stjórn lífeyrissjóðsins, og er talið, að fjárhagsstaða flugfélagsins sé slík, að næsta víst sé, að lánin fái ekki endurgreidd nema að óverulegum hluta. Í fylgiskjali með kærinni kemur fram, að ákærði hafi 21. ágúst 1995 gert stjórnarformanni sjóðsins grein fyrir áðurgreindum lánveitingum, og jafnframt afhenti hann gögn um lánveitingarnar. Í gögnum málsins kemur fram, að Lífeyrissjóður bænda hafi verið stofnhluthafi í hlutafélaginu Activa, sem stofnað var um þátttöku íslenskra aðila í Emerald Air NI Ltd. og lagði sjóðurinn fram 10,8 milljónir króna í hlutafé. Á stofnfundi félagsins var ákærði kjörinn stjórnarformaður Activa hf. og daginn eftir einnig kjörinn í stjórn Emerald Air NI Ltd. Fram hefur komið í málinu, að hlutafjórþátttaka sjóðsins í Activa hf. hafi verið með vitund og vilja stjórnar sjóðsins, en stjórnarformennska ákærða í Activa hf. og stjórnarseta hans í stjórn flugfélagsins var ekki borin sérstaklega undir stjórn lífeyrissjóðsins, en henni var tilkynnt um hana 16. nóvember 1994.

Samkvæmt gögnum málsins lagði fyrirtækið European Aviation Air Charter (EAAC) til flugvélar og var handhafi flugrekstrarleyfis á milli Belfast og London á vegum Emerald Air Ltd. Í nóvember 1994 gerðu ofangreind fyrirtæki með sér samning um stofnun Emerald European Airways (EEA), sem skyldi annast flugrekstur á milli Belfast og London. Jafnframt var áformað að hefja flug til Íslands með þeim hætti, að EAAC legði til flugvélar, flygi þeim og annaðist viðhald, en EEA annaðist flugreksturinn að öðru leyti. Í júnímánuði árið 1995 slitnaði upp úr samstarfi aðila, og var þá hafist handa um að finna aðra til að annast flugið, þ. á m. fyrirhugað Ís-

landsflug. Mun Kristinn Sigtryggsson, framkvæmdastjóri Emerald Air, hafa annast þá vinnu, en samkvæmt gögnum málsins munu ekki hafa tekist samningar um Íslandsferðirnar.

Í málinu er ekki ágreiningur um, að umræddar lánveitingar hafi verið með þeim hætti, er í ákæru greinir, og víasast til hennar um nánari málsatvik að því leyti. Þó má geta þess, að með bréfi Handsals hf. til ákærða, dagsettu 26. apríl sl., er tekið fram, að Handsal hf. hafi ekki tekið að sér í tengslum við ofangreindar gjaldeyrismillifærslur að kynna sér starfsemi Emerald Air Ltd. Lífeyrissjóður bænda geri sér fulla grein fyrir þessu og þeirri áhættu, sem gjaldeyrismillifærslurnar fela í sér fyrir sjóðinn. Handsal hf. undanþiggur sig því allri ábyrgð á hugsanlegu tjóni, sem gjaldeyrismillifærslur þessar og annað því tengt kunni að valda. Þá er upplýst, að við dómtöku málsins höfðu sjóðnum engar greiðslur borist frá umræddu flugfélagi.

Meðal málgagna er fundargerð 234. stjórnarfundar Lífeyrissjóðs bænda, er fram fór 22. ágúst 1995, og er þar meðal annars bókað eftirfarandi: „Benedikt viðurkenndi aðspurður, að fyrrgreindar lánveitingar, sem hann hefði veitt í nafni sjóðsins, væru mjög óvenjulegar og fullkomlega án heimildar stjórnar og hann hefði með þeim farið út fyrir umboð sitt. Þá bar Benedikt ekki á móti því, að hann hefði mátt vita, að stjórn sjóðsins hefði aldrei samþykkt umræddar lánveitingar, og því hefði hann ekki borið þær undir hana.“ Ákærði ritar ekki undir fundargerðina.

Upplýst er í máli þessu, að Lífeyrissjóður bænda og flugfélögin Emerald Air og Emerald European Airways gerðu með sér samkomulag, áður en lánveitingar hófust, þess efnis, að tekjur flugfélaganna af farmiðasölu vegna flugs á leiðinni Belfast-London rynnðu til sjóðsins, og hafði sjóðurinn þannig upphaflega tryggingu fyrir 50.000 breskum pundum. Þessi trygging var síðar hækkuð í 217.000 bresk pund, en með yfirlýsingu ákærða, dagsettri 30. júní 1995, var umrædd trygging gefin eftir.

Ákærði skýrði svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að hann hefði ekki ráðfært sig við neinn um lánveitingar þær, er mál þetta snýst um. Ákærði kvað þá Kristin Sigtryggsson og Jón Einar Jakobsson hafa fullvissað sig um, að lánið myndi endurgreiðast. Hafi þeir talað um, að miklir hagsmunir væru í húfi, og myndi skipta sköpum, ef sjóðurinn hlypi undir bagga. Kvað ákærði allt hafa gerst í miklu tímahraki, og var honum gert ljóst, að Emerald Air yrði fyrir skakkaföllum, fengist ekki fé til rekstrarins. Ákærði kvað lánveitingarnar ekki hafa verið bókaðar jafnóðum í bókhaldi sjóðsins. Kvaðst ákærði hafa viljað sjá til og skoða málið síðar. Ákærði kvaðst hafa haft í hyggju að bera ráðstafanirnar undir endurskoðanda sjóðsins, og gerði hann ráð fyrir, að féð fengist til baka fyrir áramót.

Ákærði kvað sér hafa orðið ljóst 1. júní 1995, að greiðslur runnu til EEA. Ákærði kvað reglur um lánveitingar ekki hafa verið settar, en venjur höfðu myndast um fjárfestingar. Ákærði kvað ekki venjulegt að afla samþykkis stjórnar vegna skammtíma fjárfestinga. Kvað ákærði grun sinn um greiðsluþrot fyrst hafa vaknað um mánaðamótin júlí – ágúst. Kvaðst ákærði hefði tekið þá ákvörðun að skýra stjórn sjóðsins frá lánveitingunum, þegar sér var ljóst orðið, að sennilega var um glatað fé að ræða. Ákærði kvað Kristin Sigtryggsson hafa leynt sig mikilvægum gögnum, m. a. vegna flugvélaeigu. Kvaðst ákærði ekki myndu hafa fallið frá tryggingu eða veitt frekari lán, hefðu sér verið allir málavextir ljósir. Ákærði benti á, að sjóðurinn hefði undanfarin ár fjárfest fyrir u. þ. b. einn milljarð á ári, og því væri umrædd lánveiting lítið brot af fjárfestingum sjóðsins. Að sögn ákærða voru aldrei gerðar athugasemdir við fjárfestingar hans á 10 ára ferli hans sem framkvæmdastjóra sjóðsins.

Ákærði taldi ummæli í fundargerð ekki rétt eftir sér höfð og kvaðst ekki hafa sett fram játningu með jafnskýlausum hætti og þar kemur fram. Ákærði kvað dómgreind sína hafa brugðist, en tók fram, að hann leyndi ekki lánveitingunum. Kvaðst ákærði hafa verið undir persónulegu álagi vegna vinnuálags og skilnaðar og kvaðst ekki hafa notið persónulegs ávinnings, heldur þvert á móti orðið fyrir miklu tjóni. Hafi hann misst atvinnu sína og ekki fengið starf síðan, og jafnframt hafi hann þurft að selja eignir sínar til þess að geta framfleytt sér.

Vitnið Guðríður Þorsteinsdóttir lögfræðingur, stjórnarformaður Lífeyris- sjóðs bænda, skýrði svo frá fyrir dómi, að hún hefði tekið við stjórnarformennsku í mars 1995. Vitnið kvað ákærða fyrst hafa upplýst um lánveitingar til Emerald Air 21. ágúst 1995, og á stjórnarfundi daginn eftir skýrði ákærði nánar frá atvikum og afhenti lausnarbeiðni sína. Vitnið kvað banka- eftirliti hafa verið skýrt frá málavöxtum og endurskoðendum falið að kanna málið. Þá hafi lögmaður verið fenginn til þess að gæta hagsmuna sjóðsins. Vitnið taldi, að í fundargerð 234. fundar hefði viðbrögðum ákærða verið rétt lýst. Vitnið kvað þær reglur gilda, að sjóðurinn lánaði einungis sjóðfélögum, og eingöngu væri fjárfest gegn tryggingum. Vitnið taldi lánveitingar ákærða mjög óeðlilegar. Vitnið kvað engar greiðslur hafa skilað sér til sjóðsins, en írskum lögmanni hefði verið falið að reyna að innheimta féð. Vitnið taldi Emerald Air eignalaust, en tilboð hefði borist um greiðslu 20 milljóna íslenskra króna fyrir 15. október 1996, vextir yrðu lækkaðir og eftirstöðvunum breytt í forgangshlutabréf. Hefði verið frestað að taka afstöðu til tilboðsins og sett ákveðin skilyrði, yrði því tekið.

Vitnið Jens Rúnar Ingólfsson, kt. 181253-5419, skýrði svo frá fyrir dómi,

að það hefði keypt hlut í Emerald Air í nóvember 1994. Vitnið kvaðst engar upplýsingar hafa haft um lánveitingar ákærða og sér ekki hafa verið kunnugt um, að ákærði hefði fengið þóknun vegna lánveitinganna. Vitnið kvað Emerald Air eiga útistandandi kröfur, og stæðu málaferli um þær, og væri það mat lögfræðinga, að mjög góðar horfur væru á því, að kröfurnar fengjust greiddar. Vitnið kvað framsal krafanna til sjóðsins hafa staðið til boða, en enginn áhugi verið á því af hálfu sjóðsins. Vitnið kvað ekki um aðrar skuldir að ræða af hálfu félagsins en við Lífeyrissjóð bænda.

Einnig komu fyrir dóm til skýrslugjafar Hjörleifur Pálsson, kt. 281163-4269, en hann vann ásamt öðrum að skýrslu um lánveitingar ákærða, og Pálmi Sigmarsson, kt. 251261-4749, en hann annaðist millifærslur sem starfsmaður Handsals hf. Ekki er þörf á að rekja framburð þeirra fyrir dómi.

### *Niðurstaða.*

Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1984 um lífeyrissjóð bænda segir, að stjórn sjóðsins skuli sjá um ávöxtun fjár hans með það fyrir augum, að féð ávaxtist vel og á tryggilegan hátt. Í 5. mgr. sömu greinar segir, að í reglugerð skuli nánar kveðið á um fasteignaveð og aðrar tryggingar, sem krafist skal við lánveitingar og verðbréfa kaup. Slík reglugerð hefur hins vegar ekki verið sett. Ákærði heldur því fram, að sér hafi engin fyrirmæli verið gefin um skammtíma fjárfestingar, og hafi sú venja myndast, að framkvæmdastjóri sei um slík mál og tilkynnti stjórn sjóðsins ekki um þær. Hefur ákærði bent á, að á 10 ára ferli sínum sem framkvæmdastjóra sjóðsins hafi aldrei verið gerðar athugasemdir við fjárfestingar sínar.

Ljóst er, að sjóðurinn hafði tryggingu fyrir 217.000 breskum pundum, þar til ákærði gaf hana eftir 30. júní 1995. Eftir það voru umræddar lánveitingar ákærða án nokkurra ábyrgða eða trygginga. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekki ráðfært sig við neinn um lánveitingarnar, og upplýst er, að ákærði skýrði stjórn sjóðsins ekki frá atvikum, fyrr en honum var orðið ljóst, að sennilega væri um glatað fé að ræða.

Það er mat dómsins, að sú háttsemi ákærða að lána fé lífeyrissjóðsins án nokkurra trygginga eða ábyrgða hafi verið mjög óvenjuleg, sérstaklega í ljósi þess, að um verulegar fjárhæðir var að ræða. Í áðurnefndri 1. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1984 er gert ráð fyrir tryggilegri ávöxtun fjármuna sjóðsins. Ákærða bar því, eins og mál þetta var vaxið, að leita samþykkis stjórnar sjóðsins fyrir ráðstöfunum sínum. Þar sem ákærði lét þetta undir höfuð leggjast og stefndi því fjármunum sjóðsins í verulega hættu, þykir nægilega sannað, að ákærði hafi farið verulega út fyrir þær heimildir, sem hann hafði til lánveitinga sem framkvæmdastjóri sjóðsins. Varðar þessi háttsemi ákærða við 249. gr. almennra hegningarlaga.

*Sakaferill, viðurlög.*

Samkvæmt sakavottorði ákærða sættist hann á sektargreiðslur árin 1971 og 1979 fyrir umferðarlagabrot. Að öðru leyti hefur hann ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Við refsingu ákærða þykir mega horfa til þess, að ekki er í ljós leitt, að ákærði hafi notið persónulegs ávinnings af broti sínu. Þá gerði ákærði sér ekki far um að leyna broti sínu og hefur skýrt hreinskilnislega frá öllum atvikum. Þá hefur ákærði misst atvinnu sína, og jafnframt hefur hann skýrt frá því, að hann hafi þurft að ganga á eignir sínar til að framfleyta sér. Brot ákærða er hins vegar stórfellt, og margt bendir til, að þeir fjármunir sjóðsins, sem ákærði lánaði með framangreindum hætti, séu með öllu glataðir.

Þegar allt framanritað er virt, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tíu mánuði, en fullnustu refsingarinnar þykir mega fresta, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

*Skadabótakrafa.*

Verjandi ákærða hefur gert þá kröfu, að bótakröfu Lífeyrissjóðs bænda verði vísað frá dómi, en til vara, að ákærði verði sýknaður af kröfunni.

Fram kom í skýrslu Guðríðar Þorsteinsdóttur, formanns stjórnar Lífeyrissjóðs bænda, að tilboð hafi borist um greiðslu 20 milljóna íslenskra króna fyrir 15. október 1996, vextir yrðu lækkaðir og eftirstöðvunum breytt í forgangshlutabréf. Hefði verið frestað að taka afstöðu til tilboðsins og sett ákveðin skilyrði, yrði því tekið. Þá hefur komið fram, að Emerald Air eigi útistandandi kröfur, og hafi framsal á þeim til sjóðsins staðið til boða.

Þegar framanritað er virt, þykir margt á huldu um það tjón, er ákærði olli Lífeyrissjóði bænda með háttsemi sinni, og ákveður dómariinn því með vísan til 1. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 að hafna frekari umfjöllun um kröfuna.

*Sakarkostnaður.*

Með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 250.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar hdl., 250.000 krónur.

Sigríður Józsefsdóttir saksóknari flutti mál þetta af hálfu ákæruvalds.

Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Benedikt Jónsson, sæti fangelsi í 10 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal frestað, og skal hún niður falla að liðnum 3 árum

frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Hafnað er umfjöllun um skaðabótakröfu Lífeyrissjóðs bænda.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 250.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar hdl., 250.000 krónur.

---